



Sýslumaðurinn á Vestfjörðum

Sími: 458 2400 - Netfang: vestfirdir@syslumenn.is - Veffang: www.syslumenn.is

Hólmavík, 3. mars 2017.

Efni: Umsókn um rekstrarleyfi. Beiðni um umsögn.

Með vísan til 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði gististaði og skemmtanahald með áorðnum breytingum og 26. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 sama efnis, er þess farið á leit að embættinu verði veitt umsögn um umsókn Jóns Skúlasonar, kt. 280161-4469, dags. 24. janúar 2017, um leyfi til að reka gististað að Gemlufalli, Dýrafirði, Ísafjarðarbæ. Um er að ræða gististað í flokki III (gististaður með veitingum en þó ekki áfengisveitingum).

Með vísan til 26. gr. tilvitnaðrar reglugerðar er þess farið á leit að umsögn verði send embættinu eigi síðar en 45 dögum frá móttöku þessa erindis eða ekki síðar en. 26. apríl nk. Berist umsagnir ekki innan þess frests verður rekstrarleyfi gefið út án umsagnar viðkomandi aðila, reynist til þess skilyrði að öðru leyti.

Guðrún Elínborg
SÝSLUMAADURINN
VESTFJÖRÐUM

Guðrún Elínborg Þorvaldsdóttir

Erindi þetta, tilvitnuð umsókn og yfirlit um gildandi reglur um umsagnir er sent eftirtoldum aðilum:

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar: netfang isafjordur@isafjordur.is

Lögreglan á Vestfjörðum: netfang vestfirdir@logreglan.is

Vinnueftirlit ríkisins: netfang vestur@ver.is

Samrit erindis og fylgiskjöl send:

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða: netfang eftirlit@hevf.is

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar: netfang isafjordur@eldvarnaeftirlit.is

Byggingarfulltrúi Ísafjarðarbæjar: netfang axelov@isafjordur.is

Ákvæði laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, með áorðnum breytingum, og reglugerðar nr. 1277/2016, sama efnis, um umsagnir sem leyfisveitandi skal kalla eftir þegar nýjar umsóknir um leyfi til að reka veitingastaði eða gististaði berast.

Úr lögum nr. 85/2007:

■ 10. gr. Umsóknarferli.

- [Útgáfa rekstrarleyfis samkvæmt lögum þessum er háð því að kröfur á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um matvæli séu uppfyllt og, eftir því sem við á, að starfsleyfi sem gefin eru út af heilbrigðisnefndum sveitarfélaga fáist fyrir þeirri starfsemi sem umsókn lýtur að.] ¹⁾
- Liggi starfsleyfi heilbrigðisnefndar ekki fyrir þegar sótt er um rekstrarleyfi getur umsækjandi sótt um slíkt leyfi samhliða umsókn um rekstrarleyfi á þar til gerðu eyðublaði sem nálgast má hjá leyfisveitanda, hvort sem er á skrifstofu hans eða heimasíðu. Um umsókn um starfsleyfi fer eftir ákvæðum laga og reglna sem um slík leyfi gilda.
- Þegar fullnægjandi umsókn um rekstrarleyfi hefur borist leyfisveitanda skal hann þegar í stað senda umsókn til umsagnaraðila skv. 4. mgr. þrátt fyrir að starfsleyfi liggi ekki fyrir.
- Leyfisveitandi skal leita umsagna eftirtalinna aðila í því umdæmi þar sem starfsemi er fyrirhuguð og skulu umsagnir vera skýrar og rökstuddar:
1. [Sveitarstjórnar sem m.a. staðfestir eftirfarandi atriði:
 - a. að starfsemi sé í samræmi við byggingarleyfi og skipulagsskilmála,
 - b. að lokaúttekt hafi farið fram á húsnæðinu,
 - c. að afgreiðslutími og staðsetning staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um,
 - d. að starfsemi sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um matvæli og, þegar við á, mat heilbrigðisnefndar á grenndaráhrifum starfseminnar, þ.m.t. hljóðvist,
 - e. að kröfum um brunavarnir sé fullnægt samkvæmt mati slökkviliðs.] ¹⁾
 2. ... ¹⁾
 3. ... ¹⁾
4. Vinnueftirlits sem m.a. kannar hvort aðstæður á vinnustað séu í samræmi við ákvæði laga og reglna.
5. ... ¹⁾
6. Lögreglu sem m.a. kveður á um nauðsyn til dyravörslu.
- Óheimilt er að gefa út rekstrarleyfi ef einhver framangreindra aðila leggst gegn útgáfu leyfisins og skal rekstrarleyfi jafnframta bundið þeim skilyrðum sem fram kunna að koma í umsögnunum.
- Leita skal umsagnar [Samgöngustofu] ²⁾ áður en leyfi er veitt til veitingarekstrar um borð í skipi auk annarra umsagna eftir því sem við á.
- Heimilt er með reglugerð að kveða nánar á um umsóknarferli vegna rekstrarleyfa, þar á meðal útgáfu leiðbeininga fyrir umsagnaraðila um þau atriði sem umsögn skal lúta að og tímafresti.

¹⁾L. 67/2016, 7. gr. ²⁾L. 59/2013, 34. gr.

Úr reglugerð nr. 1277/2016:

26. gr.

Umsagnir.

Leyfisveitandi skal senda umsókn ásamt fullnægjandi gögnum til umsagnar hlutaðeigandi sveitarstjórnar, slökkviliðs, heilbrigðisnefndar, byggingarfulltrúa, vinnuetirlits og lögreglu.

Umsagnir framangreindra aðila eru bindandi og skulu að jafnaði veittar eigi síðar en 45 dögum frá móttöku erindis leyfisveitanda þar að lútandi. Berist umsagnir ekki innan þess frests sem leyfisveitandi tilgreinir er leyfisveitanda heimilt að gefa út leyfi.

Sveitarstjórn skal leitast við að afla umsagna frá heilbrigðisnefnd og byggingarfulltrúa innan síns sveitarfélags og skila leyfisveitanda sameinaðri umsögn frá þessum aðilum. Um efni umsagna allra þessara aðila vísast til 27. gr. reglugerðar þessarar. Viðkomandi sveitarstjórn getur aðlagð ferli við þetta eftir því sem þurfa þykir. Telji sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á samþykktu deiliskipulagi sem séu óverulegar en geti haft áhrif á landeigendur, eigendur og leigendur fasteigna á aðliggjandi lóðum, skal grenndarkynna viðkomandi starfsemi. Í slíkum tilvikum lengist frestur sveitarstjórnar sem nemur töfinni sem af þessu hlýst, til að veita umsögn.

Framlengja má frest samkvæmt 2. mgr. ef gera þarf breytingar á húsnæði og enn fremur ef viðkomandi húsnæði er ekki tilbúið til endanlegrar úttektar eða ef aðrar málfnalegar ástæður búa að baki. Leyfisveitanda skal þá tilkynnt um slika ástæður. Í umsögn skal koma skýrt fram hvort umsagnaraðili samþykkir útgáfu leyfis eða leggst gegn því.

Séu einhverjir þeir annmarkar á umsókn þannig að ekki verði unnt að mæla með leyfisveitingu skal umsagnaraðili tilkynna umsækjanda um annmarkann og veita honum frest til að koma athugasemdum sínum á framfæri.

Telji umsagnaraðili einhverja annmarka vera á umsókn en þó ekki slíka að ástæða sé til að hafna leyfisveitingu skal hann veita umsækjanda hæfilegan frest til að gera úrbætur.

Leggist umsagnaraðili gegn útgáfu leyfis, en leyfisveitandi telur ekki rétt að hafna leyfisveitingu vegna sérstakra aðstæðna, er heimilt að kalla eftir nýrri umsögn m.t.t. mögulegra úrbóta. Getur umsagnaraðili þá veitt jákvæða umsögn með þeim skilyrðum að úr annmörkum verði bætt innan tiltekins frests. Verði ekki bætt úr annmörkum innan frestsins, að mati umsagnaraðilans, ber leyfisveitanda að afturkalla leyfið án fyrirvara og aðvörunar. Umsagnaraðilum ber að taka afstöðu til þess hvort skilyrðum sé fullnægt innan framangreindra tímamarka.

Umsagnaraðilar samkvæmt 1. mgr. skulu leitast við að hafa samráð sín á milli.

27. gr.

Efni umsagna.

Í umsögnum umsagnaraðila skal eftirfarandi a.m.k. koma fram, en ekki er um tæmandi talningu að ræða.

Sveitarstjórn skal veita umsögn um fyrirhugaðan afgreiðslutíma staðar, þ.e. á hvaða tíma heimilt er að hafa hann opin. Einnig staðfestir sveitarstjórn að staðsetning staðar sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélags kveður á um og eftir atvikum að næg bílastæði fylgi gististað.

Heilbrigðisnefnd skal meta grenndaráhrif starfseminnar, s.s. hljóðvist. Einnig skal heilbrigðisnefnd gæta þess að sú starfsemi sem sótt er um sé í samræmi við starfsleyfi og starfsemi og staður séu rétt skilgreind eftir flokkun og tegund viðkomandi staðar skv. lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerð þessari. Einnig skal heilbrigðisnefnd gæta þess að fjöldi gesta sé í samræmi við ákvæði gildandi reglugerðar um hollustuhætti.

Byggingarfulltrúi skal veita umsögn um hvort viðkomandi mannvirki uppfyllir kröfur laga um mannvirki svo og annarra laga, reglugerða og samþykktar er byggingarmál varða.

Slökkvilið skal veita umsögn um brunavarnir þess staðar þar sem fyrirhuguð starfsemi fer fram og einnig leyfilegan fjölda gesta.

Vinnueftirlit skal veita umsögn um aðstæður starfsmanna á þeim stað þar sem starfsemin er fyrirhuguð.

Lögregla veitir umsögn um nauðsyn á dyravörslu og sérstakri löggæslu.